

Viðauki við stofnanasamning
Félag íslenskra náttúrufræðinga
og
Landbúnaðarháskóli Íslands
frá 6. maí 2014

1 Gildissvið

Viðauki þessi við stofnanasamning aðila, dags. 6. maí 2014, nær til félagsfólks í FÍN - Félagi íslenskra náttúrufræðinga sem starfa hjá Landbúnaðarháskóla Íslands (LBHÍ) og eru í ráðningarsambandi við stofnunina. Viðaukinn er hluti af stofnanasamningi og kjarasamningi félagsins og fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs, eins og hann er á hverjum tíma.

Ákvæði viðauka þessa ganga framar ákvæðum stofnanasamnings aðila en að öðru leyti halda ákvæði stofnanasamnings gildi sínu.

2 Markmið

Viðauka þessum er ætlað að ná utan um hluta þeirrar vinnu sem farið hefur fram milli aðila í tengslum við heildarendurskoðun stofnanasamnings aðila. Þeir meginþættir sem viðauka þessum er ætlað að ná utan um eru: breyting á starfaflokkun starfa hjá LBHÍ, hækkun grunnröðunar um einn launaflokk (3 stig) og einföldun á framkvæmd greiðslna afkastahvetjandi þátta.

3 Starfaflokkun og röðun starfa

3.1

Eftirfarandi ákvæði kemur í stað ákvæða kafla 2.1 *Grunnröðun*.

Grunnröðun nýdoktora, aðjúnta, sérfræðinga í rannsóknum og akademískra starfsmanna skiptist í fjóra eftirtalda flokka S1, S2, S3 og S4.

S1

Nýdoktor

Ráðin(n) í rannsóknarstarf á sérsviði sínu sem nýdoktor auk tilfallandi kennslu á háskólastigi. Grunnröðun 24 stig.

S2

Aðjúnt og sérfræðingur í rannsóknum

Sinnir kennslu á háskólastigi og/eða rannsókna-/þjónustuverkefnum auk tilfallandi stjórnunar. Grunnröðun 30 stig.

S3

Lektor

Sinnir rannsóknnum, kennslu og stjórnun á sínu sérsviði. Aflar og hefur frumkvæði að nýjum verkefnum/námskeiðum, fjármögnun þeirra og leiðbeinir nemendum. Skipuleggur verkefni og útbýr kennsluáætlanir. Ber ábyrgð á samskiptum við aðra sérfræðinga innan og utan stofnunarinnar, situr í fagráðum og nefndum eftir þörfum skólans hverju sinni. Starfsmaður skal hafa hlotið hæfisdóm sem akademískur starfsmaður. Grunnröðun 33 stig.

S4

Dósent og Prófessor

Sinnir rannsóknnum, kennslu og stjórnun á sínu sérsviði. Aflar og hefur frumkvæði að nýjum verkefnum/námskeiðum, fjármögnun þeirra og leiðbeinir nemendum. Skipuleggur verkefni og útbýr kennsluáætlanir. Ber ábyrgð á samskiptum við aðra sérfræðinga innan og utan stofnunarinnar, situr í fagráðum og nefndum eftir þörfum skólans hverju sinni. Starfsmaður skal hafa hlotið hæfisdóm sem akademískur starfsmaður. Grunnröðun 42 stig.

Grunnröðun starfa í stjórnsýslu, kennslu í starfsmenntanámi og aðstoð við rannsóknir skiptist í þrjá eftirtalda flokka.

N1

Aðstoðarmenn og þjónustustörf Við ráðningu skal meta starfshlutfall og/eða ráðningartíma m.t.t. fjárhæðar styrksins. Grunnröðun 24 stig.

N2

Nýtir kunnáttu sína og menntun við úrlausn þeirra verkþátta sem honum eru faldir. Getur sinnt störfum á sínu sviði án umsjónar frá reynslumeiri starfsmanni. Grunnröðun 30 stig.

T.d. deildarfulltrúi, starfsmenntanámskennari, verkefnastjóri við endurmenntun/sértækar námsbrautir.

N3

Ber faglega og stjórnunarlega ábyrgð á deild/sviði. Sinnir flóknum, krefjandi og/eða erfiðum verkefnum er krefjast faglegrar hæfni og sérþekkingar. Grunnröðun 33 stig.

T.d. kennslustjóri, rannsókn- og alþjóðafulltrúi, umhverfisstjóri.

Störf meistara- og doktorsnema sem eru nemendur að aðalstarfi, eru að öllu jöfnu fjármögnuð af styrkjum eða sjálfsaflafé sem setur launasetningu skorður.

3.2

Tafla *Grunnröðun starfaflokka (stigagjöf) við gildistöku samnings* í ákvæði 3.1 *Starfstengd stigagjöf* fellur út. Stigagjöf í grunnröðun starfa er að finna í ákvæði 2.1 í viðauka þessum.

4 Afkastahvetjandi þættir

Undirkaflinn *Útfærsla* í kafla 4 *Afkastahvetjandi þættir* breytist og verður svohljóðandi:

- Rektor skipar matsnefnd er í sitja rannsókn- og alþjóðafulltrúi og tveir starfsmenn LBHÍ sem FÍN samþykkir.
- Fyrir 15. nóvember ár hvert skulu starfsmenn skila yfirliti til nefndarinnar um þau verk sem til greina geta komið við úthlutun. Nefndarmenn eru vanhæfir til þess að meta eigin verk og skulu víkja á meðan fjallað er um verk þeirra.

c. Þættir eru metnir til eininga skv. ofanskráðri viðmiðun. Aðeins er greitt fyrir þá þætti sem eru á fagsviði stofnunarinnar og ekki er greitt fyrir sérstaklega skv. tímamælingu af verkbeiðanda. Kvarðinn er til viðmiðunar og heimilt er að víkja frá honum liggi til þess gildar ástæður að mati úthlutunarnefndar. Slík frávik skal rökstyðja með skriflegum hætti og skal senda viðkomandi trúnaðarmönnum afrit þess rökstuðnings.

d. Komi fleiri en einn starfsmaður að einhverju tilteknu verki skal meta hlut hvers og eins

e. Eftirfarandi reiknireglur gilda um greinaskrif:

a. Tveir höfundar $1,35 \cdot \text{einingar} / 3$; 1. höfundur fær 2 af 3 hlutum

b. Þrír höfundar $1,60 \cdot \text{einingar} / 4$; 1. höfundur fær 2 af 4 hlutum

c. Fjórir eða fleiri $1,75 \cdot \text{einingar} / 5$; 1. höfundur fær 2 af 5 hlutum

f. LBHÍ ver sem samsvarar 8% af dagvinnulaunum félagsfólks FÍN í rekstri stofnunarinnar á hverju ári í afkastahvetjandi þætti.

g. Allir starfsmenn sem skila inn yfirliti um verkþætti sem koma til álita fyrir afkastahvetjandi greiðslu fá að grunni til 30 stig. Er þetta gert til þess að jafna aðstöðu starfsmanna sem annars vegar sinna akademískum störfum og hins vegar þeirra sem falla undir aðra skilgreiningu.

h. Ákvarða skal verðgildi hvers stigs með því að deila heildarfjölda stiga, er matsnefnd hefur samþykkt, með fjárhæð er fram kemur í lið f hér að framan.

Uppgjör samkvæmt þessu kerfi skal miðast við 12 mánaða tímabil, 1. nóvember til 31. október ár hvert og skal greiða í formi eingreiðslu í árslok ár hvert.

5 Áframhaldandi viðræður

Aðilar eru sammála um að viðauki þessi sé einvörðungu hluti af viðræðum aðila um heildarendurskoðun stofnanasamnings aðila. Fyrirhuguð er áframhaldandi samtal um endurskoðun þar sem m.a. verða ákvæði um afkastahvetjandi þætti, árangursstigakerfi og uppsetning annarra starfs- og launabátta endurskoðuð.

Úthlutun afkastahvetjandi þátta mun fara fram samkvæmt núgildandi reglum á árinu 2025 vegna tímabilsins 1. nóvember 2024 til og með 31. október 2025, þó þannig að upgjörið er framkvæmt með eingreiðslu sbr. ákvæði hér að ofan.

Aðilar eru ásáttir um að hefja þá vinnu strax í ágúst 2025 og henni skuli lokið eigi síðar en í lok október 2025.

6 Gildistími

Samkomulag gildir frá 1. júlí 2025.